

Reglur

um úthlutun innviðaráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2022-2036.

1. gr.

Markmið.

Reglum þessum er ætlað að tryggja að gætt sé jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða við úthlutun og umsýslu framlaga úr byggðaaætlun, sbr. þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir 2022-2036, nr. 27/152, sbr. einnig 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og reglugerð um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018.

2. gr.

Auglýsingar um framlög.

Ráðherra auglýsir opinberlega fyrirhuguð framlög sem veitt eru með vísan til tiltekinna aðgerða byggðaaætlunar og kallar eftir umsóknum frá styrkhæfum aðilum. Í auglýsingum skal meðal annars vísa til úthlutunarreglna þessara og úthlutunarskilmála sem eiga við, sbr. 3. gr.

Í auglýsingu skal gerð grein fyrir markmiðum og áherslum með veitingu umræddra framlaga, þeim fjárhæðum sem í boði eru, hvaða skilyrði umsækjandi þarf að uppfylla til að eiga rétt á framlagi, á hvaða formi skuli skila inn umsókn, þeim gögnum sem fylgja skulu umsókn, tímafresti til að skila inn umsókn og áætluðum afgreiðslutíma umsókna.

Tekið skal fram í auglýsingu að umsækjandi um framlag skuli lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun, auk þess að veita aðrar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skuli hann gera grein fyrir þeim. Taka skal fram að einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verði teknar til greina.

3. gr.

Úthlutunarskilmálar.

Úthlutunarskilmálar vegna einstakra framlaga skulu taka mið af þeim skilyrðum, markmiðum og forsendum sem fram koma í byggðaaætlun um viðkomandi aðgerð.

Í úthlutunarskilmálum skal kveða á um markmið sem ætlast er til að verkefni þjóni, kröfur um framkvæmd og framvindu verkefnis, sérstök eða almenn skilyrði um ráðstöfun framlags, greiðslutilhögun framlags, upplýsingaskyldu um árangur verkefnis eða lok þess, eftirlit með ráðstöfun framlagsins og meðferð ágreiningsmála auk úrræða séu skilmálar framlagsins ekki efndir, þar með talið að halda eftir greiðslum og krefjast endurgreiðslu við vanefndir.

4. gr.

Framkvæmd veitingar framlaga.

Byggðastofnun annast umsýslu umsókna og gerð úthlutunarsamninga fyrir hönd ráðherra. Stofnunin annast jafnframt umsýslu vegna greiðslna til styrkþega og hefur eftirlit með framkvæmd samninganna.

Þriggja manna valnefnd, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn, gerir tillögur til ráðherra um veitingu framlaga til verkefna á grundvelli úthlutunarskilmála, fjölda umsókna og vægis þeirra. Við skipan valnefndar horfir ráðherra meðal annars til þekkingar á byggðaþróun, nýsköpun og áætlanagerð.

Öllum umsóknum um framlög skal skilað til Byggðastofnunar fyrir tilgreindan skilafrest, sem leggur þær fyrir valnefnd, enda uppfylli þær formskilyrði. Að fenginni tillögu valnefndar tekur ráðherra afstöðu til umsókna og kynnir niðurstöður sínar á vef ráðuneytisins og með skriflegri tilkynningu til allra umsækjenda.

Gerður skal skriflegur samningur um framlag á grundvelli úthlutunarskilmála, sbr. 3. gr., þar sem tryggð er fullnægjandi skýrslugjöf um framvindu verkefnisins og reikningsskil.

5. gr.

Hámarksfjárhæð og hámarkstími framlaga.

Framlög skulu aldrei nema herra hlutfalli en 80% af heildarkostnaði við verkefni. Skulu þá talin með öll framlög til viðkomandi verkefnis af fjárheimildum byggðaaætlunar og öðrum opinberum sjóðum. Heimilt er að veita framlag til sama verkefnis í allt að fimm ár.

6. gr.

Greinargerð ráðherra um framlög.


Ráðherra gerir grein fyrir fyrirhuguðum útgjöldum vegna framlaga í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga, sbr. 19. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og í árskýrslu sinni skv. 62. gr. sömu laga.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með vísan til 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sbr. 5. gr. reglugerðar um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018, og taka þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 15. september 2022.



Sigurður Ingi Jóhannsson.



Ingilín Kristmannsdóttir.